

025/01 - Sigurbjörg ST 55

Sigurbjörg ST-55, eldur um borð á veiðum með net vestur af Snæfellsnesi

Sigurbjörg ST 55

Skipaskr.nr.: 1175

Smíðaður: Fáskrúðsfirði 1971 Eik

Stærð: 25,01 brl; 26,00 bt

Lengd: 17,10 m **Breidd:** 4,52 m **Dýpt:** 1,84 m

Vél: Mitsubishi 220,59 kW **Árgerð:** 1985

Annað:

Földi skipverja: 4

Atvikalýsing

Hinn 9. mars 2001 var m.b. Sigurbjörg ST-55 að veiðum með net vestur af Snæfellsnesi. Veður: ANA - 3-4 vindstig, sjóljótið.

Um kl. 16:10 var verið að ljúka við að leggja trossu þegar viðvörunarkerfið fór í gang. Stýrimaðurinn kom í stýrishúsið en fór þegar í stað fram í lúkar til að kanna ástand þar. Skipstjóri hafði ekki fundið neina brunalykt í stýrishúsi. Kom vélstjórinn fljótlega í stýrishús og opnaði lúgu niður í vélarrúmið. Gaus þá upp mikill reykur. Var lúgu að vélarrúmi lokað þegar í stað og skipstjóri hafði samband við Tilkynningaskylduna í síma, tilkynnti um eld í vélarrúmi og óskaði eftir aðstoð.

Báturinn var á siglingu á u.þ.b. hálfu vélarafli en skyndilega rofnaði tengsl milli vélar og skráfu og snúningur vélarinnar jókst umtalsvert. Skipstjóri stöðvaði þá vélina með neyðarrofa í stýrishúsi.

Skipverjar klæddust björgunarbúningum og skipstjóri opnaði lúkuna niður í vélarrúm og sá þá að eldur logaði stjórnborðsmeginn við stigann niður í vélarrúm. Tók hann slökkvitæki og sprautaði á eldinn sem slokknaði og reykurinn minnkaði. Var lúgunni lokað en opnuð skömmu síðar aftur. Þá sáu þeir eld bakborðsmeginn við stigann og sprautuðu úr öðru slökkvitæki á eldinn sem virtist slökkna. Skipverjar fóru fram í lúkar og þegar þangað var komið sást reykur koma með stálplötu á bak við reykrör frá eldavél í lúkarnum. Var járnplatan rifin frá og sást þá glóð í timburpili milli vélarrúms og lúkars. Var slökkt í þilinu og hafði þá tekist að slökkva eldinn um borð.

Strax og ljóst var að tekist hefði að slökkva eldinn var tilkynnt um það til Tilkynningarskyldunnar. Skömmu síðar kom m.b. Brík BA- á vettvang og tók bátinn í tog til hafnar í Rifshöfn.

Við rannsókn kom fram

- að þegar stýrimaðurinn fór niður í lúkarinn í eftirlitsferð hafði hann slökkt á eldavélinni;
- að skipverjar töldu að kviknað hafi í út frá kabyssu í þili á milli lúkars og vélarrúms.

Nefndarálit

Nefndin telur að líkur bendi til að frágangur á eldavél hafi verið ófullnægjandi.